

VIKAN Á MÖRKUÐUM

ADALMARKAÐUR

Mesta hækkun

Össur hf.
+3,19%
485

Mesta lækkun

Nýherji hf.
-2,37%
16,5

S&P 500

+1,23%
2106,22

NASDAQ

+0,39%
4957,229


FTSE 100

+1,05%
6410,26


NIKKEI 225

+0,35%
1905,384

ÁLVERÐ (\$/tonn)



BRENT OLÍUVERÐ (\$/tunnu)



Hreyfingar frá upphafi viku til kl. 16 í gær.

Unnið í samstarfi við IFS.



Morgunblaðið/Ernir

Meðal eigna Regins er Smáralind.

Stjórnarkjör í Regin

STJÓRNARKJÖR

Sex framboð bárust til stjórnar fasteignafélagsins Regins, en aðalfundur þess verður haldinn 25. apríl næstkomandi. Í stjórn félagsins sitja fimm einstaklingar og því er ljóst að kjósa verður milli frambjóðenda.

Öll núverandi stjórn félagsins býður áfram fram krafta sína, en þar sitja nú þau Albert Þór Jónsson, Benedikt K. Kristjánsson, Bryndís Hrafnkelsdóttir og Tómas Kristjánsson. Þá hefur Vignir Óskarsson einnig boðið sig fram.

Margfeldiskosning verður viðhöfð við stjórnarkjörið.



PRENTVERK



Vantar fyrirtækið þitt gæða prentefni? Við bjóðum fjölbreyttar lausnir hvort sem er í offset eða stafrænt. Komdu við í kaffisopa og við finnum leið sem hentar best hverju sinni.

Guðjón Ó
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Möguleg kauptækifæri fyrir Landhelgisgæsluna

Stefán E. Stefánsson
ses@mbl.is

Pörf er á endurnýjun þyrflota Landhelgisgæslunnar. Samdráttur í sölu þyrfla til olíuframléiðslufyrirtækja kann að fela í sér tækifæri til endurnýjunar á góðum kjörum.

Landhelgisgæslan (LHG) hefur á að skípa þremur björgunarþyrflum, öllum af gerðinni SuperPuma. Tvær þeirra leigir stofnunin en ein er í eigu ríkisins. Þær eru allar komnar til ára sinna, sú elsta 30 ára og sú yngsta 14 ára. Sandra Margrét Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri hjá LHG, segir að spurð að stofnunin standi frammi fyrir ákvörðunum á komandi misserum hvað varðar framtíð þyrflotans.

„Leigusamningur vegna TF-SÝN rennur út árið 2017 með möguleika á endurnýjun. Leigusamningur vegna TF-GNÁ rennur út árið 2020 og sömuleiðis með möguleika á endurnýjun. TF-LÍF er orðin 30 ára gömul og þarf að uppfæra hana á næsta ári til þess að hún standist kröfur um loftför, m.a. vegna blindflugs og er áætlaður kostnaður við það um 100 milljónir. Það er mat Landhelgisgæslunnar að það þurfi að endurnýja TF-LÍF á allra næstu árum.“

Tvær vélanna, TF-GNÁ og TF-LÍF, uppfylla skilyrði sem gera þeim kleift að fljúga næturflug en TF-SÝN hefur takmarkaðri getu.

Breyttur markaður


Stærstu þyrflumarkaður heimssins finna nú fyrir miklum samdrætti á markaðnum og bendir Wall Street Journal á að aldrei fyrir hafi það komið upp á þessum sérhæfða markaði að birgðir af óseldum vélum hlaðist upp. Er það mikil breyting frá árinu 2013, þegar öll sölumet voru slegin. Það ár



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Ætla má að kostnaður ríkissjóðs við kaup á fjórum nýjum björgunarþyrflum hlypi á 17 til 18 milljörðum króna.

Þyrflumarkaður (utan hernaðar) 2011-2015



Heimild: Finmeccanica and The Wall Street Journal

seldust þyrflur til annarra nota en hernaðar fyrir rúmlega sex milljarða dollara, eða jafnvirði 738 milljarða íslenskra króna á núverandi gengi.

Hinn mikla samdráttur má fyrst og fremst rekja til minni umsvifa í olíu- og gasiðnaði. Metárið 2013 var tunn-

an af brent-Norðursjávarolíu seld á um og yfir 100 dollara en frá síðari hluta árs 2015 hefur tunnan af olíunni selst á innan við 50 dollara. Þegar verst lét fór verðið undir 30 dollara í janúar. Olíu- og gasiðnaðurinn hefur frá árinu 2011 staðið undir riflega fjórðungi allra þyrflupantana utan hernaðarumsvifa.

Kauptækifæri á markaðnum

ViðskiptaMogginn leitaði viðbragða hjá Söndru Margréti við hinum breyttu aðstæðum á þyrflumarkaði. „Landhelgisgæslan er upplýst um breytt landslag en í ljósi þess að LHG fer ekki með forræði á því hvort eða hvenær verður fjárfest í þyrflum hefur ekki verið gerð formlega könnun á þessum málum,“ segir Sandra.

Ógnardýr búnaður

Sandra Margrét segir erfitt að segja fyrir um það með nákvæmum hætti hvað nýjar þyrflur myndu kosta miðað við markaðsaðstæður í dag. „Áætlað er að þyrflur sem útbúnar

eru til björgunarstarfa og eru í sama stærðarflokki og þær þyrflur sem nú eru í rekstri kosti um 34 til 36 milljónir dollara hver.“ Það jafngilti því að hver ný þyrfla kostaði á bilinu 4,2 til 4,4 milljarða íslenskra króna. Er það töluvert lægri fjárhæð en LHG taldi árið 2011 að ný þyrfla myndi kosta. Í samtali við Ríkisútvarpið í ágúst það ár taldi forstjóri LHG að ný þyrfla myndi kosta 55 til 70 milljónir dollara. Því er ljóst að markaðsaðstæður, í takti við sterkara gengi krónu, gætu gert stofnuninni auðveldara um vik að endurnýja þyrflufлотann.

Spurð hversu margar þyrflur æskilegt væri að stofnunin hefði yfir að ráða segir Sandra Margrét að til þess að hafa tvær þyrflur alltaf til taks þyrftu fjórar vélar að vera í rekstri. „Til að LHG geti farið með þyrflu í verkefni út fyrir 20 sjómílur þurfa að vera til taks tvær björgunarþyrflur hverju sinni af öryggisástæðum. Það er mat LHG að þrjár þyrflur myndu tryggja að hægt væri að fara út fyrir 20 sjómílur yfir 92% af árinu.“

Sterkir í stálinu

Skipastál • Lunningajárn • Bakjárn
Kælirör • Fíber- og galvanhúðaðar ristar
Svört- og ryðfrí rör og fittings
Ál • Ryðfrítt stál • PVC plötur
POM öxlar • PE plötur
Lokar af ýmsum gerðum



Opíð virka daga kl. 8-17

Skútvogi 4, Rvk
Rauðhelli 2, Hafnarfirði
Sími 568 6844 | ga@ga.is | ga.is



Kaupfélag Skagfirðinga hagnaðist um 1,8 milljarða króna á síðasta ári

AFKOMA

Kaupfélag Skagfirðinga (KS) hagnaðist um 1,8 milljarða á síðasta ári, samanborið við 2,1 milljarð á árinu 2014. Þetta kom fram á aðalfundi félagsins um liðna helgi. Félagið velti 32,2 milljörðum króna á árinu 2015 og jókst veltan um 5,2 milljarða milli ára. Skýrist veltuaukningin meðal annars af því að inn í samstæðuuppgjör félagsins færðist að þessu sinni rekstur Steinullarverksmiðjunnar á Sauðárkróki, Kjötbankans í Hafnarfirði og Sláturhússins á Hellu.

Stærstu einstöku rekstrarþættir í samstæðunni voru Kaupfélag



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Höfuðstöðvar KS eru á Sauðárkróki.

Skagfirðinga svf. með 9,8 milljarða, FISK-Seafood með 9,6 milljarða

arða og Fóðurblandan með 6,6 milljarða. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði nam 4,2 milljörðum króna og jókst hann lítillega milli ára.

Eignir KS námu 37,1 milljarði í árslok 2015 og höfðu aukist um tæpa 2,2 milljarða króna. Samstæðan skuldaði 10,7 milljarða á sama tíma og höfðu skuldir hækkað lítillega frá fyrra ári. Eigið fé félagsins var því 26,4 milljarðar króna um áramót. Eiginfjárhluftall þess var 68%.

Heildarfjöldi ársverka hjá samstæðunni var um 900 og laun og launatengd gjöld tæpir sjö milljarðar. Félagsmenn í KS voru í árslok 2015 ríflega 1.500 talsins.